

## Byggðamálaráð

### Fundargerð 24. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn í Félagsheimilinu Fjarðarborg, Borgarfirði eystri 24. mars 2023 kl. 13.00-16.00

#### Dagskrá:

Brothættar byggðir. Betri Borgarfjörður.

Fundurinn var sameiginlegur fundur stjórnar Byggðastofnunar, byggðamálaráðs og verkefnisstjórnar Betri Borgarfjarðar. Frá byggðamálaráði mættu: Arnar Már Elíasson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hólmfríður Sveinsdóttir og Karl Björnsson. Guðveig Lind Eyglóardóttir var fjarverandi. Hólmfríður ritaði fundargerð.

Borgarfjörður eystri hóf göngu sína í verkefninu Brothættar byggðir árið 2018 undir heitinu Betri Borgarfjörður. Byggðastofnun dró sig í hlé út úr verkefninu í lok árs 2021 en áfram er unnið að markmiðum þess á vegum Múlapings og Austurbrúar.

Í upphafi fundar fór Alda Marín Kristinsdóttir, fráfaramandi verkefnisstjóri yfir hvaða áhrif verkefnið Betri Borgarfjörður hefur haft á samfélagið á Borgarfirði eystri, Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlapings greindi frá sýn sveitarfélagsins á stöðu byggðarlagsins og Eypór Stefánsson, núverandi verkefnisstjóri sagði frá áformum um framhald verkefnis. Því næst vörpuðu tveir íbúar, þeir Jón Þórðarson og Óttar Kárason, ljósi á sýn íbúa um þátttöku og gildi verkefnisins fyrir Borgarfjörð eystri. Í lokin voru almennar umræður.

Að loknum fundi var farið í heimsóknir til styrkþega.